



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA
MÁLEFNI FATLAÐRA

Stefnumótun SSNV - málefni fatlaðra 2008 – 2012



Starfsáætlun 2008

Inngangur

Stefnumótunin er unnin af starfsmönnum félagsþjónustunnar á þjónustusvæðunum, þjónustuhópi um málefni fatlaðra og stjórn SSNV. Þjónustuhópur starfar eftir erindisbréfi frá stjórn SSNV málefni fatlaðra. Þar kemur m.a. fram að þjónustuhópur vinni stefnumótun.

Haldinn var starfsdagur á Bakkaföt í Skagafirði 6. og 7. Desember 2007 þar sem lykilstarfsmenn þjónustunnar komu saman og tóku þátt í vinnunni ásamt Þjónustuhóp . Unnin var stefnumótun til næstu 5 ára ásamt starfsáætlun 2008. Stefnumótunin inniheldur helstu upplýsingar um markmið samnings SSNV málefni fatlaðra og félagsmálaráðuneytisins, hlutverk og skyldur Byggðasamlagsins, langtímaáætlun unnin út frá framtíðarsýn og starfsáætlun fyrir árið 2008 þar sem mælt er út frá fjórum þáttum: þjónustu, fjármálum, verklagi og mannauði. Stjórn SSNV málefni fatlaðra fjallaði um stefnuna á tveim fundum.

Í þjónustuhópnum starfa Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri SSNV málefni fatlaðra, Auður H. Sigurðardóttir félagmálastjóri Austur Húnavatnssýslu, Gunnar Sandholt félagmálastjóri Skagafirði, Hjörtur Hjartarson félagmálastjóri Fjallabyggð v/ Siglufjarðar og Oddur Gíslason félagmálastjóri Húnaþingi vestra.

Stjórn SSNV skipa ; Adolf H. Berndsen, Gunnar Braji Sveinsson, Páll Dagbjartsson, Hermann Einarsson og Guðný Björnsdóttir.

Stefnumótun samþykkt á stjórnarfundum SSNV á Sauðárkóki 24.júní 2008

Hlutverk SSNV málefni fatlaðra

Starfssvæði Byggðasamlagsins skiptist í fjögur þjónustusvæði er ná til allra sveitarfélaga í Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Þjónustusvæðin eru : Vestur Húnavatnssýsla, Austur Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Sglufjörður. Í Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra eru eftirtalin sveitarfélög: Akrahreppur, Blönduósþær, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Fjallabyggð vegna Siglufjarðar.

Byggðasamlagið hefur verið með samning við félagsmálaráðuneytið um veitingu þjónustu frá 1.apríl 1999 samningurinn hefur verið endurnýjaður þrisvar nú síðast í desember 2006 og þá til 6 ára eða frá 2007 – 2012. Megin markmið samningsins er að samþætta þjónustu við fötluð börn og fullorðna í heimabyggð og fella hana sem framast er unnt að starfssemi annarra þjónustuaðila, færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni.

SSNV málefni fatlaðra ber að uppfylla ofangreind hlutverk og markmið með því :

- að taka mið af og fylgja drögum að stefnu félagsmálaráðuneytisins frá nóvember 2006 í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna.
- að veita fötluðum og aðstandendum þeirra kost á þjónustu í samræmi við mat á þörf fyrir þjónustu.
- að stuðla að því að starfsmenn hafi menntun sem nýtist í störfum að málefnum fatlaðra.
- að setja sér starfs - gæða – og þjónustumarkmið og taka í notkun rafrænan notendagrunn.
- að meta árangur í starfseminni reglulega samkvæmt mælitækjum og kvörðun sem hafa verið þróaðir af félagsmálaráðuneytinu.
- að gæta þess að allar fjárhagslegar skuldbindingar séu samkvæmt ákvörðun samningsins.

Framtíðarsýn:

Við veitum heildstæða og samþætta þjónustu í heimabyggð eftir þörfum hvers og eins þá bestu á landinu.

Kjörorð:

Þjónusta án hindrana

Með framangreint að leiðarljósi setur SSNV málefni fatlaðra fram eftirfarandi áherslur

árin 2008 – 2012.

- SSNV málefni fatlaðra er leiðandi í því að veita fötluðum og aðstandendum þeirra kost á þjónustu í samræmi við mat á þörf fyrir þjónustu. Auka skal þátttöku notenda við skipulagningu og skilgreiningu á gæðum þjónustunnar.
- SSNV málefni fatlaðra er leiðandi í samþættingu þjónustu við fatlaða annarri félaglegri þjónustu sem sveitarfélögin veita.
- SSNV málefni fatlaðra þróar markviss vinnubrögð; til að auka vægi starfsendurhæfingar, til að samþætta skóla-félags- og heilbrigðisþjónustu og til að samþætta búsetuþjónustu fatlaðra heimþjónustu sveitarfélaga og heimahjúkrunar. SSNV málefni fatlaðra leggur áherslu á að þjónusta á borð við stuðningsfjölskyldur og skammtímadvöl/þjónustu verð eflað og jafnframt leitað fleiri leiða til slíks stuðnings við fjölskyldur fatlaðra barna í því skyni að draga úr álagi og stuðla að eðlilegu lífi þeirra.
- SSNV málefni fatlaðra beitir sér fyrir því að sveitarfélögin hafi á að skipa menntuðu og reyndu starfslíði sem og hæfum stjórnendum við störf að málefnum fatlaðra.
- SSNV málefni fatlaðra kappkostar að vinnustaðir og vinnuumhverfi séu aðlaðandi og búið góðum tækjakosti sem nýtist starfsmönnum og uppfyllir kröfu notenda.

Starfsáætlun 2008

Stefnukort

Stefnukortið miðar að því að draga saman þá lykilþætti sem sérstakir eru í starfseminni. Árangursmatið grundvallast á stefnu SSNV málefni fatlaðra og framtíðarsýn. Mælt er út frá fjórum þáttum: þjónustu – fjármálum- verklagi og mannauði.

Þjónusta	Jafnrétti og sambærileg lífskjör	Velferð með þátttöku notenda	Samþætting þjónustu
Fjármál	Góð nýting og stýring fjármuna	Þróun gæðastarfs og átaksverkefni	
Verklag	Gegnsæ stjórnsýsla	Samræmi í þjónustu og rekstri	Mat á árangri
Mannauður	Jákvætt starfsumhverfi og starfsánægja	Samvinna og sveigjanleiki í starfi	Nýsköpun, þekking og frumkvæði

Yfirlit yfir velgengispætti og markmið

Velgengispættir	Markmið
Þjónusta	
Jafnrétti og sambærileg lífskjör	1.1 Íbúar sambýla hafi kost á félagslegri liðveislunni 1.2 Auknir valmöguleikar í búsetu 1.3 Aukin þátttaka einstaklinga í samfélaginu 1.4 Að tryggja fjárhagsleg réttindi einstaklinga
Velferð með þátttöku notenda	1.5 Auka þátttöku notenda við skipulagningu og skilgreiningu á gæðum þjónustunnar. 1.6 Aukin þekking á valdeflingu 1.7 Auka þekkingu á tiltækri þjónustu
Sambætting þjónustu	1.8 Sambætta þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra annarri félags- og skólaþjónustu 1.9 Sambætta búsetuþjónustu fatlaðra við heimaþjónustu sveitarfélaga
Fjármál	
Góð nýting og stýring fjármuna	2.1 Þátttaka forstöðumanna/deildarstjóra við gerð fjárhagsáætlana 2.2 Frávik frá fjárhagsáætlun sé ekki meira en +/- 1% 2.3 Að samræmi sé í gerð fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar 2.4 Greinargóð fjárhagsáætlun, starfsáætlun og ársskýrsla
Þróun gæðastarfs og átaksvæðni	2.5 Gerð þjónustukönnunar
Verklag	
Gegnsæ stjórnsýsla	3.1 Treysta í sessi notkun þjónstugrunnsins Gróska .is 3.2 Auka upplýsingastreymi um þjónustu innan stjórnsýslunar og til félagsmálanefnda/ráða 3.3 Skýrir verkferlar og vinnuleiðbeiningar
Samræmi í þjónustu og rekstri	3.4 Að gæta samræmis í rekstri og þjónustu milli þjónustusvæða 3.5 Styrkja upplýsingastreymi og samskipti milli þjónustusvæða
Mat á árangri	3.6 Árlegt mat á gæðum þjónustu

Velgengnisþættir	Markmið
Mannauður	
Jákvætt starfsumhverfi og Starfsánægja	4.1 Stuðla að öryggi og vellíðan starfsmanna 4.2 Stuðla að fjölgun starfsfólks með fagmenntun 4.3 Fjölga körlum til starfa
Samvinna og sveigjanleiki í Starfi	
Nýsköpun, þekking og Frumkvæði	4.4 Efla símenntun starfsfólks 4.5 Efla starfsþróun

I. Þjónusta

1.1 Íbúar sambýla hafi kost á félagslegri liðveislu

Rök

Þjónusta við fatlaða skal veitt með þeim hætti að hún efli sjálfstæði og færni. Reglugerð um búsetu gerir ráð fyrir að fólk skuli eiga rétt á utanaðkomandi aðstoð inn á heimili á borð við almenna liðveislu, heimaþjónustu og frekari liðveislu. Horft er til þess að íbúar á sambýlum hafi sama möguleika og fatlaðir í sjálfstæðri búsetu til þess að sækja um persónulegan stuðning til að rjúfa félaslega einangrun.

Aðgerð

Íbúar á sambýlum hvattir til að sækja um félagslega liðveislu. Úthlutun á tímum verður metin út frá einstaklingsþörf og reglum sveitarfélaga þar um. Félagsþjónusta úthlutar tímum og ræður liðveitendur til starfa. Liðveisla verði framkvæmd, gerð virk.

Tímaáætlun: 1.apríl - 31.maí 2008 .

Ábyrgðarmaður: Forstöðumenn sambýla.

Velgengnisþáttur: Jafnrétti og sambærileg lífskjör.

1.2 Auknir valmöguleikar í búsetu

Rök

SSNV málefni fatlaðra stefnir að því að búsetuþjónusta við fatlaða sé skipulögð og veitt á einstaklingsbundnum forsendum þar sem horft er á möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar.

Aðgerð

Gert er ráð fyrir breytilegu búsetuúrræði sem henta getu og þörfum hvers og eins. Lögð er áhersla á búsetu í búðum með öflugri stoðþjónustu. Í hverri íbúð búa að jafnaði einn til tveir. Þjónustan getur verið allt frá því að vera aðstoð við þrif einu sinni í viku upp í það vera sólahringsþjónusta. Einnig er gert ráð fyrir búsetu á sambýlum þar sem það á við, þar er gert ráð fyrir einkarými að lágmarki með svefnherbergi með salernisaðstöðu ásamt sameiginlegu rými. Umsóknir um búsetu miðist við mat á þjónustuþörf.

Tímaáætlun: Allt árið 2008.

Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri.

Velgengnisþáttur: Jafnrétti og sambærileg lífskjör.

1.3 Aukin þátttaka einstaklinga í samfélaginu

Rök

Á síðari árum hefur verið lög áhersla á nýja sýn á fötlun, hið félagslega sjónarhorn. Þar er lögð áhersla á virka þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu með því að fjarlægja hindranir sem hefta hana, valdeflingu og mótun jákvæðra viðhorfa gagnvart þeim sem búa við fötlun. Með því móti eru lífsgæði aukin.

Aðgerð

Markvisst verður unnið að því að íbúar á sambýlum verði virkir þátttakendur í daglegu lífi samfélagsins. Horft er til búsetu, tækifæra til menntunar, atvinnu, tómstunda og almennrar afþreyingar. Gerð verði þjónustuáætlun fyrir hvern og einn þar sem markmið til almennrar þátttöku í samfélaginu komi fram ásamt ábyrgð starfsmanna.

Tímaáætlun: Allt árið 2008.

Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður sambýlis.

Velgengnisþáttur : Jafnrétti og sambærileg lífskjör.

1.4 Að tryggja fjárhagsleg réttindi einstaklinga

Rök

Mikilvægt er að tryggja fjárhagsleg réttindi einstaklinga ásamt því að tryggja öryggi, ábyrgð og vissu starfsmanna í meðferð fjármuna einstaklinga í þjónustu. Reynslan hefur sýnt að það hefur borið á óvissu í ráðgjöf og meðferð fjármuna.

Aðgerð

Leitað verði upplýsinga um lagalega ábyrgð og meðferð fjármuna einnig verði unnið að því að koma á verklagsreglum þar um lútandi. Endurmeta á verklagsreglur um meðferð einkafjármuna íbúa á sambýlum og tryggja að samningar séu gerðir við íbúa og fjárhagsmenn þeirra.

Tímaáætlun: 1.apríl - 31.ágúst 2008.

Ábyrgðarmaður: Þjónustuhópur um málefni fatlaðra.

Velgengnisþáttur: Jafnrétti og sambærileg lífskjör.

1.5 Auka þátttöku notenda við skipulagningu og skilgreiningu á gæðum þjónustunnar

Rök

Til að tryggja markvisst gæðastarf þurfa sjónarmið notenda að vera ráðandi varðandi mat á gæðum þjónustunnar. Þjónustan sé einstaklingsmiðuð, byggð á heildstæðri og sveigjanlegri þarfagreiningu í samráði við notendur á hverjum tíma.

Aðgerð

Svæðisbundnir starfshópar verði skipaðir með þátttöku fulltrúa notenda sem geri tillögu hvernig veita megi notendum meira val. Enn fyrir Húnavatnssýslunar og einn fyrir Skagafjörð og Fjallabyggð v/Sglufjarðar. Fulltrúar notenda verði valdir í samráði við þroskahjálp. Hóparnir skili tillögum til þjónustuhóps. Gæðum þjónustunnar og viðhorfum notenda til hennar verði fylgt eftir með reglubundnum hætti.

Tímaáætlun: 1.apríl - 30.maí 2008

Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri

Velgengnisþáttur: Velferð með þátttöku notenda

1.6 Aukin þekking á valdeflingu

Rök

Inntak hugtaksins vísar bæði til þess að efla sjálfstæði og sjálfsmynd fólks og vald þess yfir aðstæðum sínum og lífi. Gert er ráð fyrir að fatlað fólk taki í ríkari mæli ábyrgð á eigin lífi. Þörf er á sameiginlegri sýn og þekkingu starfsfólks á hugmyndafræði valdeflingar.

Aðgerð

Koma á eins til tveggja daga námskeiði fyrir starfsfólk um teymisvinnu og valdeflingu.

Tímaáætlun: 1.september – 31.október 2008.

Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri.

Velgengnisþáttur: Velferð með þátttöku notenda.

1.7 Auka þekkingu á tiltækri þjónustu

Rök

Mikilvægt er að notendur þekki hvaða þjónusta þeim stendur til boða og þeir eiga rétt á. Má þar nefna almenna félagsþjónustu, starfsréttindi og almenna þjónustu stéttarféлага ásamt þjónustu Tryggingarstofnunar ríkisins sem og lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra.

Aðgerð:

Útbúið verði kynningarefni fyrir starfsmenn þar sem fram komi helstu upplýsingar sem þarf að hafa í huga við kynningu og ráðgjöf varðandi þjónustu. Ráðgjafar félagsþjónustu taki saman kynningarefni (gátlista) og skili til þjónustuhóps.

Tímaáætlun: 1.apríl – 30.apríl 2008.

Ábyrgðarmaður: Félagsmálastjórar.

Velgengnisþáttur: Velferð með þátttöku notenda.

1.8 Samþætta þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra annarri félags- og skólaþjónustu

Rök

Meginmarkmið þjónustusamnings er að samþætta þjónustu við fötluð börn og fullorðinna í heimabyggð og fella hana sem framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila, færa þjónustuna nær notendum og auðvelda aðgengi að henni.

Aðgerð

Á hverju þjónustusvæði skal stofna teymi með tengsl við félagsþjónustu, skólaþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Teymið á að tryggja yfirsýn yfir þjónustuúrræði, gæta samræmingar og markvissari vinnubragða. Teymi skulu skila inn rökstuddum tillögum um samþættingu þjónustu til þjónustuhóps og annarra stjórnvalda.

Tímaáætlun: 1.apríl – 31. október 2008.

Ábyrgðarmaður: Stjórn SSNV

Velgengnisþáttur: Samþætting þjónustu.

1.9 Samþætta búsetuþjónustu fatlaðra við heimaþjónustu sveitarfélaga

Rök

SSNV málefni fatlaðra er leiðandi í samþættingu þjónustu við fatlaðra annarri félagslegri þjónustu sem sveitarfélögin veita. Því er litið til þess að samþætta sólahringsþjónustu við fatlaða, heimaþjónustu sveitarfélaga.

Aðgerð

Mikilvægt er að meta kosti og galla þess að heimaþjónusta verði veitt til íbúa sambýla, horft er til þess að efling heimaþjónustu gefi aukin möguleika til félagslegrar þátttöku í samfélaginu. Skipaðir verða starfshópar á hverju þjónustusvæði sem komi með tillögur um framkvæmd til þjónustuhóps. Áætlað er að fara af stað með nýjar áherslur í vinnubrögðum í ársbyrjun 2009.

Tímaáætlun: 1.apríl – 31.maí 2008.

Ábyrgðarmaður: Félagsmálastjórar.

Velgengnisþáttur: Samþætting þjónustu.

II. Fjármál

2.1 Þátttaka forstöðumanna og deildarstjóra við gerð fjárhagsáætlana

Rök

Forstöðumenn og deildarstjórar framfylgja fjárhagsáætlun og taka ákvarðanir um þjónustu og almennan rekstur sem hafa áhrif á rekstrarafkomu, því er mikilvægt að þeir komi að fjárhagsáætlunargerð allt frá byrjun.

Aðgerð

Félagsmálastjóri tryggir aðkomu forstöðumanna að gerð fjárhagsáætlana ár hvert. Verkefnisstjóri kanni aðkomu forstöðumanna að gerð fjárhagsáætlunar.

Tímaáætlun: 1.apríl – 30.júní 2008.

Ábyrgðarmaður: Félagsmálastjórar.

Velgengnisþáttur: Góð nýting og stýring fjármuna.

2.2 Frávik frá fjárhagsáætlun sé ekki meiri en +/- 1%

Rök

Að stuðla að sem bestri nýtingu þess fjármagns sem veitt er til málaflokksins. Þannig að frávik í rekstri verði ekki meiri en 1%.

Aðgerð

Hvert þjónustusvæði tryggi rafrænan aðgang forstöðumanna að fjárhagsáætlun og rekstri. Daglegur aðgangur sé að fjárhagsáætlun, mánaðalegum rekstri, milliuppgjöri og reikningskilum.

Tímaáætlun: 1.apríl – 30 apríl 2008.

Ábyrgðarmaður: Félagsmálastjórar.

Velgengnisþáttur: Góð nýting og stýring fjármuna.

2.3 Að samræmi sé í gerð fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar

Rök

Fjárhagsáætlun er gerð í samræmi við greiðslur ríkisins vegna þjónustusamnings. SSNV málefni fatlaðra skal að hausti ár hvert setja fram starfsáætlun komandi árs og kynna félagsmálaráðuneytinu. Við gerð fjárhagsáætlunar verður stuðst við forsendur starfsáætlunar. Þegar horft er til heildarárangurs er mikilvægt að samræming sé á milli starfsáætlunar og fjárhagsáætlunar .

Aðgerð

Unnin verður starfsáætlun fyrir komandi ár, jafnhliða verður unnið að gerð fjárhagsáætlunar. Reynt verður að meta samtímis hvort verkefni og stofnanir uppfylli það sem vænst er af þeim eða hve mikil útgjöldin þurfa að vera svo hægt sé að ná skilgreindum árangri ásamt því að halda sér innan fjárhagsramma þjónustusamnings. Að gerð starfs- og fjárhagsáætlunar koma allir forstöðumenn. Starfs- og fjárhagsáætlun er samþykkt af Stjórn SSNV.

Tímaáætlun: Júní 2008.

Ábyrgðarmaður: verkefnisstjóri og framkvæmdastjóri.

Velgengnisþáttur: Góð nýting og stýring fjármuna.

2.4 Greinargóð fjárhagsáætlun, starfsáætlun og ársskýrsla

Rök

Greiðslur fyrir umsamin verkefni samkvæmt þjónustusamningi eru sett fram og skilgreind. Fjárhæðir eru settar fram miðað við verðlagsforsendur fjárlaga og breytast árlega í upphafi hvers árs í samræmi við launa- og verðlagsforsendur. Mikilvægt er að fjárhagsáætlun taki mið af fjárhagslegum forsendum samnings og þjónustan sé vel skilgreind og áætluð. Skila skal ársskýrslu og ársreikningi til Ríkisbókhalds og Ríkisendurskoðunar. Ennig skal skila inn upplýsingum til félagsmálaráðuneytisins um árangur í starfsemi.

Aðgerð

Sett verður upp framkvæmdaáætlun þar sem m.a. komi fram verklag og tímarammi við skil á ársskýrslugerð, fjárhags- og starfsáætlun. Gert er ráð fyrir þátttöku og ábyrgð forstöðumanna við áætlunar- og skýrslugerð. Endurskoðuð fjárhagsáætlun liggja fyrir eigi síðar en 30.janúar ár hvert.

Tímaáætlun: Apríl 2008.

Ábyrðarmaður: Verkefnisstjóri.

Velgengnisþáttur: Góð nýting og stýring fjármuna.

2.5 Gerð þjónustukönnunar

Rök

Gert er ráð fyrir því að gæðum þjónustunnar og viðhorfum notenda til hennar verði fylgt eftir með reglubundnum hætti. Með því móti er fylgst með því að settum markmiðum sé náð og traust skapað milli stjórnenda, starfsfólks, notenda og aðstandenda þeirra. Þjónustusamningurinn gerir ráð fyrir því að hægt sé að sækja um styrki til ráðuneytisins til þróunar í gæðastarfi.

Aðgerð

Gerð verði tillaga að þjónustukönnun á starfssvæðinu og sótt um þróunarstyrk til félagsmálaráðuneytisins jafnhliða endurmati á samningi í mars.

Tímaáætlun: febrúar – mars 2008.

Ábyrðarmaður: Verkefnisstjóri.

Velgengnisþáttur: Þróun gæðastarfs og átaksverkefni.

III. Verklag

3.1 Treysta í sessi notkun þjónustugrunnsins Gróska.is

Rök

Þjónustugrunnurinn er tæki til að viðhalda skipulagðri yfirsýn. Búið að fjárfesta í honum og innleiða vinnubrögð og mikilvægt að hann nýtist sem best. Áhersla er lögð á að traustar og glöggar upplýsingar um þjónustu liggi fyrir á hverjum tíma. Þjónustugrunnurinn verður hvorutveggja notaður til þess að meta þjónustuparfir sem og til almennra starfsáætlana.

Aðgerð

Reglulegir fundir haldnir þar sem notkun þjónustugrunnsins er kennd og innleidd með skipulögðum hætti. Nýir starfsmenn fái leiðbeiningu um notkun hans. Þjónustuhópurinn fjalli um grunninn a.m.k. fjórum sinnum á ári.

Tímaáætlun: Allt árið.

Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri.

Velgengnisþáttur: Gegnsæ stjórnsýsla.

3.2 Auka upplýsingastreymi um þjónustu innan stjórnsýslunnar og til félagsmálanefnda/ráða

Rök

Skipulag og uppbygging þjónustunnar er á ábyrgð SSVN málefni fatlaðra og þjónustusvæða. Hætta er á því að upplýsingar til sveitarstjórnarmanna og stjórnsýslunnar liggi fyrst og fremst hjá stjórn SSVN og lítið sem ekkert milliliðalaust frá starfseiningum á þjónustusvæðum.

Aðgerð

Auka upplýsingaflæði til félagsmálanefnda/ráða og sveitarstjórna um starfssemina á hverju þjónustusvæði. Það verði gert með því að setja málefni þjónustusamningsins á dagskrá félagsmálanefnda/ráða a.m.k. ársfjórðungslega ásamt því að leggja reglulega fram fundargerðir þjónustuhóps. Félagsmálastjórar gera þjónustuhópi reglulega grein fyrir umfjöllun nefndanna

Tímaáætlun: Allt árið.

Ábyrgðarmaður: Félagamálastjórar.

Velgengnisþáttur: Gegnsæ stjórnsýsla.

3.3 Skýrir verkferlar og vinnuleiðbeiningar

Rök

Við framkvæmd þjónustunnar er mikilvægt að aðgerðir allra starfsmanna verði samhæfðar samkvæmt starfsáætlunum, markmiðum og reglum.

Aðgerð

Unnið verði að því að fá gæðahandbók frá félagsmálaráðuneytinu eins og þjónustusamningur gerir ráð fyrir. Handbókin innihaldi skýra og skipulega skráningu á gæðakerfi starfseminnar þ.e. stefnu í gæðamálum, áætlanir, verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar. Unnið verði að því að taka saman þær verklagsreglur sem nú þegar unnið er eftir og útbúnar möppur fyrir hverja starfsstöð.

Tímaáætlun: Árið 2008.

Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri

Velgengnisþáttur: Gegnsæ stjórnsýsla

3.4 Að gæta samræmis í rekstri og þjónustu milli þjónustusvæða

Rök

Starfssvæði SSVN málefna fatlaðra skiptist í fjögur þjónustusvæði, Húnaþing vestra, Austur Húnavatnssýsla, Skagafjörður og Fjallabyggð v/Siglufjarðar. Megin markmið þjónustunnar er að samþætta þjónustu við fötluð börn og fullorðna í heimabyggð.

Aðgerð

Verkefni þjónustusvæða skilgreind og sérstakur samningur gerður þar af lútandi. Þjónustuhópur heldur yfirsýn yfir verkefnin og endurskoðar þau árlega með tilliti til óvæntra eða umfangsmikilla breytinga á þörf fyrir þjónustu á hverju svæði fyrir sig. Samræmis verður gætt við gerð fjárhagsáætlunar.

Tímaáætlun: Árið 2008.

Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri.

Velgengnisþáttur: Samræmi í þjónustu og rekstri.

3.5 Styrkja upplýsingastreymi og samskipti milli þjónustusvæða

Rök

Þjónustusamningurinn gerir ráð fyrir samþættingu þjónustu ásamt samræmingu í rekstri milli þjónustusvæða. Á þjónustusvæðunum hefur byggst upp þekking og reynsla sem vert er að gefa gaum, nýta og kynna.

Aðferð

Komið verði á reglubundnum skipulegum fundum forstöðumanna og ráðgjafa a.m.k. einu sinn á ári. Um er að ræða starfstengda fundi er varða búsetu, dagvist/hæfingu og ráðgjöf. Gert er ráð fyrir reglulegum samskiptum í síma og tölvu þess á milli. Fundargerðum skilað inn til þjónustuhóps.

Tímaáætlun: Vor 2008.

Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri.

Velgengnisþáttur: Samræmi í þjónustu og rekstri.

3.6 Árlegt mat á gæðum þjónustu

Rök

Þjónustusamningurinn gerir ráð fyrir því að stefnt sé að því að þjónustugæðin séu metin með reglulegum hætti á grundvelli Servqual – mats eða annars mats sem ráðuneytið telur sambærilegt.

Aðgerð

Á árinu verði unnið með Servqual – matið. Forstöðumenn fengu námskeið í notkun matsins árið 2007 og þekkingin því til staðar. Gerð verði áætlun um framkvæmd matsins og það unnið í september til desember 2008.

Tímaáætlun: 1.júlí 2008.

Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri.

Velgengnisþáttur: Mat á árangri.

IV. Mannauður

4.1 Stuðla að öryggi og vellíðan starfsmanna

Rök

SSNV málefni fatlaðra vill leggja áherslu á heilsuvernd starfsmanna þar sem boðið er upp á góðan aðbúnað og öruggt starfsumhverfi. Heilsuefling meðal starfsmanna skilar sér meðal annars í betri andlegri og líkamlegri líðan, aukinni starfsánægju og betra starfsumhverfi.

Aðgerð

Gerð verði úttekt m.t.t. aðbúnað og öryggi starfsfólks á einni til tveim starfsstöðvum og lagðar fram tillögur til úrbóta. Leiðbeiningar fengnar frá fagfólki um líkamsbeitingu við vinnu. Kallað verður eftir áherslum og leiðum sveitarfélagana til heilsueflingar starfsmanna.

Tímaáætlun: Árið 2008.

Ábyrðarmaður: Þjónustuhópur.

Velgengnisþáttur: Jákvætt starfsumhverfi og starfsánægja.

4.2 Stuðla að fjölgun starfsfólks með fagmenntun

Rök

Starfsmenn sem ráðnir eru til starfa í málefnum fatlaðra skulu að jafnaði hafa menntun sem nýtist í starfi, t.d. menntun Þroskaþjálfara, iðjuþjálfara eða félagsliða, ellegar reynslu sem nýtist við störf að málefnum fatlaðra. Mikilvægt er að fjölga fagmenntuðum starfmönnum á starfssvæðinu og er þá sérstaklega horft til Þroskaþjálfara og félagsliða.

Aðgerð

Unnar verði reglur um þátttöku SSVN málefna fatlaðra í fjarnámi starfsmanna í Þroskaþjálfun og félagsliðanámi. Reynslan hefur sýnt að þetta sé árangurrík leið til þess að fjölga menntuðu starfsfólki..

Tímaáætlun: Febrúar 2008.

Ábyrðarmaður: Þjónustuhópur.

Velgengnisþáttur: Jákvætt starfsumhverfi og starfsánægja.

4.3 Fjölga körlum til starfa

Rök

Mikilvægt er að starfsmenn séu af báðum kynjum. Yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna eru konur.

Aðgerð

Orða starfsauglýsingar með hlutfall kynja í huga. Könnuð verði sérstaklega starfsánægja karla og leitað eftir hugmyndum þeirra um leiðir til að ná fram markmiðinu.

Tímaáætlun: Nóvember 2008/Auglýsingar allt árið.

Ábyrðarmaður: Félagsmálastjórar.

Velgengnisþáttur: Jákvætt starfsumhverfi og starfsánægja.

4.4 Efla símenntun starfsfólks

Rök

Símenntun, þróun verkefna og starfa kemur til með að skila sér í bættri þjónustu. Kjarasamningar gera ráð fyrir þátttöku starfsmanna í símenntunaráætlun ár hvert.

Aðgerð

Símenntunaráætlun unnin á hverju þjónustusvæði þar sem fram koma helstu áherslur ásamt kostnaðaráætlun. Einnig verði kallað eftir því hvort sveitarfélögin séu með símenntunaráætlun.

Tímaáætlun: Fyrir 31.júlí 2008.

Ábyrðarmaður: Verkefnisstjóri.

Velgengnisþáttur: Nýsköpun, þekking og frumkvæði.

4.5 Efla starfsþróun

Rök

Mikilvægt er að efla sjálfstæði og frumkvæði starfsmanna, unnið skal markvisst að bættri verkunnáttu og þróun verkefna bæði til að auka hæfni starfsmanna og til að auka hæfni vinnustaðarins til að takast á við sibreytileg verkefni.

Aðgerð

Starfsmönnum sé gefinn kostur á starfsmannaviðtölum einu sinni á ári þar sem farið verði markvisst yfir markmið starfsins, markmið starfsmannsins, þróun starfs og verkefna ásamt umræðum um tillögur, óskir og væntingar starfsmannsins. Til að komastarfmannasamtölum af stað fá allir stjórnendur sérstaka þjálfun í því að framkvæma slík samtöl. Sem liður í starfsþróun er starfsmönnum m.a gefin kostur á tilfærslu milli starfsstöðva innan þjónustusvæðis.

Tímaáætlun: Árið 2008.

Ábyrðarmaður: Forstöðumenn.

Velgengnisþáttur: Nýsköpun, þekking og frumkvæði.

Skorkort SSNV málefna fatlaðra starfsárið 2008

Velgengnisþættir	Markmið	Mælikvarðar	Viðmið	Staða 2007	Aætlun 2008
Þjónusta					
Jafnréttir og sambærileg lífsskjör	Íbúar sambýla hafi kost á félagslegri liðveislu	Hlutfall íbúa sambýla sem eiga kost á félagslegri liðveislu	35-44%	46%	45%
	Auknir valmöguleikar í búsetu	Hlutfall íbúa í sérbyli			
	Aukin þátttaka einstaklinga í samfélaginu	Gerð þjónustuáætlunar fyrir hvern og einn íbúa á sambýlum	95-100%	0%	100%
	Að tryggja fjárhagsleg réttindi einstaklinga	Hlutfall gerðra samninga við einstaklinga og fjárhagsmenn þeirra	95-100%		100%
Velferð með þáttöku notenda	Auka þáttöku notenda við skipulagningu og skilgreiningu þjónustunnar	Skipaðir verði a.m.k 2 starfshópar	1-2	0	2
	Aukin þekking á valdeflingu	Koma á tveggja daga námskeiði fyrir starfsfólk um valdeflingu	1	0	1
	Auka þekkingu á tiltækri þjónustu	Gerð gerð gátlista sem innihaldi upplýsingar til fólks sem spyrst fyrir um þjónustuna	1	0	1
Sambætting þjónustu	Sambætta þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra annarri félags- og skólaþjónustu	Stofnun treymis með tegls við félags- skóla og heilbrigðisþjónustu á hverju þjónustusvæði	4	1	4
	Sambætta búsetuþjónustu fatlaðra og heimaþjónustu sveitarfélaga	Skipun eins starfshóps á hverju þjónustusvæði	4	0	4
Fjármál					
Góð nýting og stýring fjármuna	Að tryggja aðkomu forstöðumanna að gerð fjárhagsáætlunar	Hlutfall forstöðumanna sem telja sig hafa verið virka við gerð fjárhagsáætlunar.	80-100%		100%
	Frávik frá fjárhagsáætlun sé ekki meira en +/-1%	Rekstur á óbundnum liðum innan skekkjumarka	+/- 1%	-4,00%	+/- 1%
	Samræmi í gerð fjárhags- og starfsáætlunar	Að fjárhags og starfsáætlun liggja fyrir í júní ár hvert	júní		júní
	Útgáfa ársskýrslu	að greinargóð ársskýrsla liggja fyrir í apríl hvert ár.	Apríl		Apríl
Þróun gæðastarfs og átaksverkefni	Gerð þjónustukönnunar	Umsókn um þróunarstryk til félagsmálaráðuneytisins til gerðar þjónustukönnunar	Jákvætt		Já

Velgengnisþættir	Markmið	Mælikvarðar	Viðmið	Staða 2007	Áætlun 2008
Verklag					
Gegnsæ stjórnsýsla	Treysta í sessi notkun þjónustugrunnsins www.groska.is	Þjónustuhópurinn fjalli a.m.k fjórum sinnum á ári um þjónustugrunnin a fundum	2-4	0	4
	Auka upplýsingastreymi til stjórnsýslunar og félagmálanefnda og skýra ábirgð	Fjöldi umfjallana um þjónustusamninginn á fundum félagsmálanefnda/ráða	2-4	0	2
	Skýrir verkferlar og vinnuleiðbeiningar	Gerð handbókar/gátlista um verkferla	1	0	1
Samræmi í þjónustu og rekstri	Að gæta samræmis í rekstri og þjónustu milli þjónustusvæða	Gerðir verði þjónustusamningar við einstök þjónustusvæði	4	0	4
	Styrkja upplýsingastreymi og samskipti milli þjónustusvæða	Sameiginlegur fundur forstöðumanna, iðju og ráðgjafa a.m.k tvisvar á tímabilinu	2	0	2
Mat á árangri	Árlegt mat á gæðum þjónustu	Gerð verði áætlun um notkun Servqual líkansins	Já	0	Já
Mannauður					
Jákvætt starfsumhverfi og starfsánægja	Stuðla að öryggi og vellíðan starfsmanna	Árleg úttekt á aðbúanði og öryggi á a.m.k tveim starfsstöðvum.	2	0	2
	Stuðla að fjölgun starfsfólks með fagmenntun	Að a.m.k 4 starfsmenn nýti sér reglur SSNV málefna fatlaðra um námsstuðning á hverju tímabili	4	4	4
	Fjölga körlum í stafi	Hlutfall starfandi karla aukist um 9% á tímabilinu	9%	Óvíst	9%
	Efning símenntunar	Gerð símenntunaráætlunar á hverju þjónustusvæði	4	0	4
	Efning starfsþróunar	Að allir stjórnendur hafi hlotið þjálfun í framkvæmd starfsmannaviðtala	100%	Óvíst	100%

Nr.	Markmið	Byrjar	Endar	Tími	2008											
					janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nov.	des.
1.1	Íbúar sambýla hafi kost á félags.liðveislu	01.04.08	31.05.08	60				Forstöðumenn sambýla								
1.2	Auknir valmöguleikar í búsetu	01.01.08	31.12.08	365	Verkefnisstjóri											
1.3	Aukin þátttaka einstaklinga í samfél.	01.01.08	31.12.08	365	Forstöðumenn sambýla											
1.4	Að tryggja fjárhagsleg réttindi einstaklinga	01.04.08	31.08.08	152				Þjónustuhópur SFNV								
1.5	Auka þátttöku notenda við skipulagningu	01.04.08	31.05.08	60				Verkefnisstjóri								
1.6	Aukin þekking á valdreifingu	01.04.08	30.09.08	182				Verkefnisstjóri								
1.7	Aukin þekking á tiltækri þjónustu	01.04.08	30.04.08	29				Félagsmálastjóri								
1.8	Samþætta þjónustu við fötluð börn...	01.04.08	30.04.08	29				Formenn félagsmálanefnda								
1.9	Samþætta búsetuþjónustu fatlaðra...	01.04.08	31.05.08	60						Félagsmálastjóri						
2.1	Þátttaka forstöðumanna og deidarstj....	01.04.08	30.06.08	90				Félagsmálastjóri								
2.2	Frávik frá fjárhagsáætlun...			0					Félagsmálastjóri							
2.3	Samræmi sé í gerð fjárhagsáætlunar...	01.04.08	30.06.08	90				Verkefnisstjóri og framkvæmdastjóri								
2.4	Greinargóð fjárhagsáætlun...	01.04.08	30.04.08	29				Verkefnisstjóri								
2.5	Gerð þjónustukönunar	01.02.08	31.03.08	59		Verkefnisstjóri										
3.1	Treysta í sessi notkun þjónustugrunns...	01.01.08	31.12.08	365	Verkefnisstjóri											
3.2	Auka upplýsingastreymi um þjónustu...	01.01.08	31.12.08	365	Félagsmálastjóri											
3.3	Skýrir verkferlar og vinnuleiðbeiningar	01.01.08	31.12.08	365	Verkefnisstjóri											
3.4	Að gæta samræmis í rekstri og þjónustu...	01.01.08	31.12.08	365	Verkefnisstjóri											
3.5	Styrkja upplýsingastreymi og samkipti...	Vor	?		Verkefnisstjóri											
3.6	Árlegt mat á gæðum þjónustu	?	30.06.08		Verkefnisstjóri											
4.1	Stuðla að öryggi og vellíðan starfsmanna	01.01.08	31.12.08	365	Þjónustuhópur											
4.2	Stuðla að fjölgun starrsfólks m. fagmenntun	01.02.08	29.02.08	28		Þjónustuhópur										
4.3	Fjölga körlum í starfi	01.02.08	29.02.08	28	Félagsmálastjóri											
4.4	Efla símenntun starfsfólks	01.04.08	31.07.08	121				Verkefnisstjóri								
4.5	Efla starfsþróun	01.01.08	31.12.08	365	Forstöðumenn											

SAMNINGUR UM MÁLEFNI FATLAÐRA Á NORÐURLANDI VESTRA ÁRIÐ 2008

Fjárhagsáætlun 2008

	SAMNINGUR	SSNV 5%	V-Hún 13,78	A-Hún 16,33	Skagafj.42,71	Siglufj. 19,50	Alls	Hlutfall
Umsjón 3.5%			1.571.231	1.862.152	4.871.979	2.224.231	10.529.591	3,21%
Yfirstj, ráðgj, stuðn	16.865.000		2.761.236	2.700.000	5.220.000	2.138.000	29.684.236	9,04%
Sambýli			35.241.000	37.036.964	46.350.010	43.113.666	187.116.640	57,01%
Sambýli II					19.505.000			
Sambýli III					5.870.000			
Búseta Kleifartúni					0			
Skammtí mavistun					28.198.808		28.198.808	8,59%
Stuðningsfjölskyldur			103.500	1.345.500	650.000	800.000	2.899.000	0,88%
Frekari liðveisla			1.270.000	621.900	6.100.000	2.000.000	9.991.900	3,04%
Ams					3.730.000	3.000.000	6.730.000	2,05%
Leikfangasöfn				3.182.055	3.185.570	1.100.000	7.467.625	2,28%
Dagvistun/iðja			5.516.564	8.317.913	20.390.000	11.397.782	45.622.259	13,90%
	16.865.000		46.463.531	55.066.484	144.071.367	65.773.679	328.240.059	100,00%
Framlag ríkisins	337.300.000							
Mismunur á framlagi og áætlun	9.059.941							
mismunur í %	97,31%							
Kleifartún	21.144.600							

Framtíðarsýn:

Við veitum **heildstæða** og **samþætta** þjónustu í **heimabyggð** eftir **þörfum** hvers og eins þá bestu á landinu.

Kjörorð:**Þjónusta án hindrana****• Heildstæð þjónusta**

er félagsþjónusta sem tekur tillit til allra helstu þarfa notandans sem er á verksviði félagsþjónustunnar að veita, svo sem félagsleg ráðgjöf, hverskonar liðveisla og heimþjónusta í búsetu, atvinna með stuðningi og fjölskylduráðgjöf. Þjónustan er veitt og skipulögð af einum aðila í nánu samstarfi við notandann, sem á ekki að þurfa að sækja einn og einn þjónustupátt á stangli hingað og þangað.

• Samþætt þjónusta

þýðir að þeir sem veita einstaklingi þjónustu vinni að sama markmiði sem byggist á sameiginlegum skilningi á viðfangsefninu, áhuga og ávinningi. Þverfagleg vinnubrögð eru ástunduð þar sem fólk með mismunandi sérþekkingu leggur saman í púkkið, byggir á þekkingu á verkefnum hvers um sig og hver og einn hafi eitthvað fram að færa sem hinir hafa gagn af.

• Þjónusta í heimabyggð

Miðað er við að veita þjónustuna í því sveitarfélagi sem einstaklingur kys að búa í sé þess nokkur kostur. Sérhæfð úrræði eins og sambýli getur þó þurft að veita annars staðar á þjónustusvæðinu. Þjónustusvæðin eru fjögur á Norðurlandi vestra: Húnaþing vestra, Austur Húnavatnssýsla, Skagafjörður og Fjallabyggð vegna Siglufjarðar.

• Þarfir hvers og eins

Öll þjónusta skal byggja á þarfagreiningu sem gerð er af ráðgjafa í samráði við umsækjanda, aðstandanda eða talsmann eftir atvikum og tekið mið af styrkleikum og getu, aðstæðum og þörfum hvers umsækjanda. Ekki er þó alltaf hægt að mæta öllum þörfum. Fjárveitingar og aðrar aðstæður geta haft áhrif á það. Í þjónustusamningi ríkisins og SSVN málefni fatlaðra eru skilgreind ýmis lágmarksviðsmið þjónustu og tímamörk sem eru mismunandi eftir þjónustupáttum. Við þjónustumatið er notað sérstakur gátlisti sem heitir Supports Intensity Scale (SIS).

• Þjónusta án hindrana

Þjónusta á að vera aðgengileg. Hindranir geta verið t.d. óhentugt húsnæði eða umhverfi, óhentugt tölvakerfi, óljósar, rangar eða engar upplýsingar og síðast en ekki síst viðhorf okkar. Til að einstaklingar sem búa við fötlun geti verið sjálfráðir verður að bera virðingu fyrir ákvörðunum þeirra og því sem þeir vilja og geta.